

FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI

MINNISBLAÐ

Dags. 6. nóvember 2006

Til: Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis
Frá: Framkvæmdastjórn FSA

Efni: Starfsemi og rekstur FSA 2006 og 2007

Starfsemi og þjónusta Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hefur áfram aukist á flestum sviðum á þessu ári. Rekstur sjúkrahússins hefur þungst eftir því sem lengra hefur liðið á árið. Þróun verðlags og launa auk erfiðleika í mönnun hafa leitt til hærri kostnaðar en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í lok júlí var halli á rekstri 72,1 millj. og skv. endurskoðaðri áætlun til áramóta er gert ráð fyrir að rekstrargjöld verði 100,6 millj. hærri en fjárveitingar og tekjur ársins. Hefur þá verið tekið tillit til tæplega 20 millj. frestunar á útgjöldum.


sigurð

Efnisatriði til umræðu:

- 1. Starfsemi og rekstur sjúkrahússins á árinu 2006. Fjáráukalög 2006.**
 - * Endurskoðuð rekstraráætlun; -100,6 millj. Er þá búið að taka tillit til frestunar á útgjöldum að upphæð tæpar 20 millj. kr.
 - * Starfsemi og þjónusta sjúkrahússins
 - * Lækkun útgjalda af þeirri stærðargráðu sem nú blasir við er ekki gerleg nema breyta starfsemi spítalans umtalsvert og þar með þjónustu hans við sjúklinga á svæðinu
- 2. Fjárlög 2007**
 - Miðað við svipaða starfsemi á árinu 2007 gæti halli orðið a.m.k. 170 – 190 millj. króna. Starfseminn hefur hins vegar stöðugt verið að vaxa sem leitt hefur til hækkandi kostnaðar. Rétt er því að hækka þessa áætluðu tölu í 200 millj. króna.
 - Nauðsynleg endurnýjun tækja.
Fjárveiting til stofnkostnaðar eru allt of lág. Endurnýja þarf sneiðmyndataeki sem er orðið úrelt og líklega það lélegasta á landinu. Nýtt tæki kostar 110 – 120 millj. kr.. Ómtæki sem notað er til hjartarannsóknna þarf að endurnýja. Nýtt tæki kostar 15 – 20 millj. kr.

Beinþéttnimælir hefur nýlega verið úrskurðaður ónýtur. Nýr kostar 15 millj. kr. Fjárveiting til stofnkostnaðar þyrfti því að hækka umtalsvert.

- Viðhald og endurnýjun á húsnæði. Miklar breytingar eru framundan vegna flutnings í Suðurlámu auk brýnna endurnýjunarframkvæmda. Fjárveiting til meiri háttar viðhalds er aðeins 25 millj. króna og er það óbreytt krónutala síðastliðin 13 ár eða frá árinu 1993. Þessi tala ætti því og þyrfti nauðsynlega að vera 40 – 50 millj. ef tekið væri tillit til verðlagsþróunar. Með hækkandi aldri bygginga eykst einnig viðhaldsþörfin.



Halldór Jónsson, forstjóri



FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ
Á AKUREYRI

ENDURSKOÐUN Á STARFSEMIS- OG
REKSTRARÁÆTLUN 2006

GREINARGERÐ

Október 2006

Í rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið 2006 var gert ráð fyrir að heildarútgjöld til rekstrar yrðu 3.542 milljónir og sértekjur 286 milljónir. Fjárveiting nam samtals 3.213 milljónum. Þá var áætlað að 15 milljónir fengjust til viðbótar vegna gerviliða- og augnaðgerða þannig að tekjuhalli eftir árið yrði 26,5 milljónir. Heilbrigðisráðuneytið ákvað að veita FSA sérstaka fjárveitingu vegna samstarfsverkefnis með Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki og Heilbrigðisstofnung Þingeyinga vegna kaupa og innleiðingar á RIS/PACKS kerfi vegna myndgreininga að upphæð 5 milljónir króna en viðbótarfjárveiting vegna gerviliða- og augnaðgerða varð 13.350. Að teknu tilliti til þessara breytinga var áætlaður tekjuhalli 23,2 milljónir króna.

Rekstur og starfsemi 2006

Í lok 7 mánaða tímabils er tekjuhalli á rekstri 63,6 milljónir króna eða 3,3% miðað við fjárlög og 2,4% miðað við áætlun. Halli á launalið nemur 43 milljónum, á almennum rekstrargjöldum 6 milljónum og á sértekjum 1 milljón eða samtals um 50 milljónum króna. Ástæður fyrir verri rekstrarafkomu eru nokkrar. Starfsemin hefur vaxið á flestum sviðum og hefur það leitt til aukins launakostnaðar, einkum í formi yfirvinnu. Þá hefur orðið nokkurt launaskrið vegna almennrar þenslu í þjóðfélaginu og innbyggðra þátta í kjara- og stofnanasamningum.

Almenn rekstrargjöld hafa hækkað töluvert umfram forsendur fjárlaga sem gerðu ráð fyrir að meðaltalshækkun milli ára yrði 3,8%. Þannig hefur vísitala neysliverðs hækkað um 6,1% milli ára og gengi gjaldmiðla hefur hækkað um 15-20%. Langstærstur hluti af vörukaupum stofnunarinnar (lyf, lækninga- og hjúkrunarvörur, vörur til rannsókna og fleira) hefur beina tengingu við gengisskráningu á hverjum tíma. Gjaldskrár vegna aðkeyprar þjónustu hafa hækkað verulega, enda eru þær í mörgum tilvikum tengdar launavísitlu sem hefur hækkað um tæp 9% milli ára miðað við janúar – júlí og er það meira en tvöföld sú hækkun sem gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga á almennum rekstrargjöldum. Þá er einnig í einhverjum tilvikum um að ræða ófyrirséð útgjöld. Þar má nefna m.a. breytingar á húsnæði sem ráðast þurfti í vegna framkvæmda í Suðurálmú.

Helstu frávik frá áætlun greinast þannig:

Launakostnaður:

Umframkostnaður við gerð stofnanasamninga	3,0	milljónir
Yfirvinna (fjölgun aukavakta)	10,0	“
Laun í veikindum	3,0	“
Umframráðningar, 2-3 stöður	7,0	“
Hækkun vaktaálags lækna	3,0	
Hækkun launatengdra gjalda	7,0	“
Launaskrið, framgangur í stofnanasamningum	9,5	“
Samtals	42,5	milljónir

Almenn rekstrargjöld.

Lyf og vörur til lækninga og rannsókna	2,0	milljónir
Varahlutir og byggingavörur	1,5	“
Ferðakostnaður og ýmis þjónustukaup	3,0	“

	Samtals	6,5 milljónir
Sértekjur.		
Seldar rannsóknir		4,5 milljónir
Seld þjónusta lækna og hjúkrunarfr. (komugj. ofl.)		- 2,5 “
Aðrar sértekjur		- 1,0 “
	Samtals	1 milljón
	Alls	50,0 milljónir

Helstu breytingar á starfsemistölum milli árána 2005 og 2006 eru eftirfarandi:

Fjöldi sjúklinga	+	1,4%
Fjöldi legudaga	-	0,5%
Skurðaðgerðir	+	6,9%
Fæðingar	+	5,6%
Slysadeildarkomur	+	1,3%
Ferliverk, einingar	+	10,0%
Almennar rannsóknir	-	4,6%
Vefjarannsóknir	+	8,8%
Myndgreiningar	-	1,5%
Ómskoðanir á hjarta	+	13,6%
Hjartarit	+	7,2%
Speglanir	+	7,0%

Endurskoðun rekstraráætlunar 2006.

Farið hefur verið yfir flesta þætti áætlunarinnar með það að markmiði að gera breytingar til samræmis við rauntölur fyrrihluta ársins og taka tillit til fyrirséðra og/eða áætlaðra útgjalda á tímabilinu ágúst – desember.

Launakostnaður.

Launaáætlun deilda hefur verið endurreiknuð til samræmis við þá kjara- og stofnanasamninga sem gerðir hafa verið. Þá eru útgjöld áætluð vegna þeirra stofnanasamninga sem enn eru ógerðir. Tekið hefur verið tillit til breytinga á stöðum og annarra launagjalda sem teknar hafa verið ákvarðanir um og nema viðbótargjöld vegna þeirra 3,8 milljónum. Þá er sett fram áætlun um að fresta ráðningu í 6 stöður sem voru á upphaflegri áætlun en kostnaður vegna þeirra er áætlaður 13,1 milljón. Á móti kemur að ekki er unnt að fella niður 5,5 stöður sem áður hafði verið áætlað og nemur sú tala 14,4 milljónum. Að teknu tilliti til þessara breytinga nemur heildaráætlun vegna launakostnaðar 2.608 milljónum og er það hækkun um 74,2 milljónir króna. Á móti kemur hækkun fjárveitinga um 62,3 milljónir króna.

Almenn rekstrargjöld.

Reiknuð hefur verið hlutfallsleg hækkun á almennum rekstrargjöldum til samræmis við skiptingu fjárveitingar á milli mánaða. Vegna hækkunar á verðlagi og gengi er gert ráð fyrir því að hækkun almennra rekstrargjalda verði hlutfallslega meiri síðari hluta ársins en vegna fyrstu sjö mánaða. Til að mæta því er gert ráð fyrir 15 milljónum

hækkun aukalega á síðari hluta ársins. Auk þess eru áætlaðar sérstakar fjárhæðir vegna tiltekinnna viðfangsefna svo sem efniskostnaðar vegna gerviliðaaðgerða fyrir Grænlandinga og aukinna þjónustukaupa vegna hugbúnaðar. Samtals er gert ráð fyrir að almenn rekstrargjöld hækki um 81,4 milljónir frá áætlun.

Meiriháttar viðhald.

Kostnaður við framkvæmdir til júliloka nemur 17,0 milljónum króna og er þá eftir að bókfæra kostnað vegna ágústmánaðar og síðar að upphæð 4,3 milljónir. Samtals er því áætlaður kostnaður við meiriháttar viðhald á árinu 21,3 milljónir og er það lækkun frá upphaflegri áætlun um 2,8 milljónir. Þetta þýðir að fresta þarf ákveðnum liðum sem áformað hafði verið að framkvæma.

Almennt viðhald.

Bókfærður kostnaður við almennt viðhald til júliloka nemur 19,6 milljónum og áætlaður kostnaður vegna verka sem eru í vinnslu eða koma óhjákvæmilega til útgjalda nemur 10,8 milljónum. Þetta er nokkru hærra en áætlun gerði ráð fyrir og vegur þar þyngst kostnaður vegna flutnings á skrifstofum og annarri starfsemi vegna framkvæmda við 1. og 2. hæð Suðurálmú. Sá kostnaður nemur um 4,5 milljónum króna. Hækkun á almennt viðhaldi miðað við áætlun nemur 6,2 milljónum. Ákveðið er að fresta áður áætluðum framkvæmdum að fjárhæð 5,7 milljónir króna. Í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar frá því í ágúst verður frekari framkvæmdum sem varða almennt viðhald frestað til næsta árs þar sem því verður við komið. Þetta tekur þó ekki til handlækninga- og bæklunardeilda, skurðeildar og svæfinga- og gjörgæsludeilda en þar er lítið til þess að gerviliðaaðgerðir fyrir Grænlandinga sköpuðu þónokkrar tekjur og telur framkvæmdastjórn eðlilegt að þær deildir sem komu að því verkefni njóti sérstöðu hvað þetta varðar.

Eignakaup minniháttar.

Þessi liður var upphaflega áætlaður 19,2 milljónir króna en bókfærður kostnaður í júliflok nemur 18,2 milljónum og kostnaður við ófrágengin og/eða óhjákvæmileg kaup nemur 8,4 milljónum króna. Hækkun á þessum lið skýrist m.a. af því að tekin var ákvörðun um að kaupa búnað fyrir sjúkraflug og sjúkraflutningaskólann en þar kemur á móti sérstök fjárveiting að upphæð 7,6 milljónir króna. Auk þess hefur þurft að taka ákvarðanir um ýmis óhjákvæmileg kaup og er samanlögð fjárhæð þeirra mun hærri en óráðstöfuð fjárhæð í áætlun sem nam 2 milljónum króna. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir að fresta áður áformuðum kaupum á búnaði að fjárhæð 6,2 milljónir. Að teknu tilliti til þessara breytinga og viðbótarfjárveitingar að upphæð 7,6 milljónir lækkar liðurinn í heild um 200 þúsund.

Stofnkostnaður.

Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir að fjárfesting í tækjum og búnaði næmi 82,9 milljónum. Andvirði keyptrar tækja í júliflok nemur 40 milljónum og ófrágengin eða óhjákvæmileg kaup til ársloka nema 36 milljónum. Gert er ráð fyrir að fresta kaupum á búnaði til næsta árs að andvirði 3,7 milljónir. Þessi liður lækkar því um 7 milljónir frá fyrri áætlun.

Sértekjur.

Gert er ráð fyrir að sértekjur verði hlutfallslega svipaðar miðað við fyrstu 7 mánuðum ársins þar sem gjaldskrár fyrir heilbrigðisþjónustu munu lítið eða ekkert breytast frá

Því sem fyrirséð var í ársbyrjun. Hins vegar er gert ráð fyrir sérstakri hækkun vegna gerviliðaáðgerða sem FSA hefur gert fyrir Grænlandinga en þar er um að ræða 10 áðgerðir og eru brúttótekjur vegna þeirra um 8,2 milljónir króna. Hækkun á sértekjum er áætluð 6,4 milljónir.

Í heildina er því áætlað að rekstraráætlun FSA hækki um 153,2 milljónir en þar á móti koma viðbótar fjárveitingar að upphæð 94,2 milljónir. Tekjuhalli verður samkvæmt þessu 100,6 milljónir króna miðað við endurskoðaða áætlun.

Hagræðing og sparnaður.

Með þeirri endurskoðun sem fram hefur farið á rekstraráætlun ársins hefur verið tekin ákvörðun um að fresta kaupum á búnaði og áætluðum framkvæmdum, samtals að andvirði 17,7 milljónir króna. Þar sem ýmis ófyrirséð kaup á búnaði og viðbótarframkvæmdir hafa fallið til á árinu er nettólækkun þessara liða mun minni eða um 4 milljónir króna. Þá hækkun sem orðið hefur á rekstrargjöldum spítalans umfram áætlun og fjárveitingar má fyrst og fremst rekja til ytri aðstæðna, þ.e. launaskriðs og óhagstæðrar verðlags- og gengisþróunar. Til að draga úr áhrifum þess verður kappkostað að leita allra leiða til sparnaðar það sem eftir er ársins eins og reyndar hefur jafnan verið gert hingað til. Ekki er talið raunhæft að setja fram áætlun sem kemur rekstrinum á núllpunktinn í árslok. Lækkun útgjalda af þeirri stærðargráðu sem nú blasir við er ekki gerleg nema breyta starfsemi spítalans umtalsvert og þar með þjónustu hans við sjúklinga á svæðinu. Auk þess sem áhrifa slíkra áðgerða gætir ekki fyrr en að 6 – 12 mánuðum liðnum. Ákvarðanir um slíkt þarfnast lengri aðdraganda og umræðu svo og aðkomu heilbrigðisyfirvalda. Þær leiðir sem þá kæmu til greina eru m.a. þær að draga verulega úr skurðstarfsemi eða loka einni eða fleiri deildum sem ekki gegna bráðþjónustu. Við ákvarðanir af því tagi yrði stuðst við stefnu stjórnvalda í forgangsröðun þjónustu innan heilbrigðiskerfisins.